

Fundargerð

Fundur í stýrihóp um heilsueflandi samfélag.
Fimmtudaginn 24. september 2020, kl. 17.00.



Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mættar: Ólafía Sigurvinsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, María Maack og Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Gátlistar

Vefvæði kynnt; heilsueflandi.is. Rætt um verkefnaskiptingu varðandi gátlista. Samþykkt að funda ört með færri einstaklingum á hverjum fundi. Jóhönnu falið að kanna hvort að allir geti fengið aðgang að heimasvæði. Listar verði settir upp í Word og deilt á alla aðila stýrihóps.

2. Umsóknir um fjárveitingu

Búið er að sækja um samfélagsstyrk vegna heilsuviku.

Sótt verði um styrk til Lýðheilsusjóðs vegna heilsuviku annarsvegar og heilsufarsathugana hinsvegar.

Meðlimir stýrihóps verði vakandi fyrir auglýsingum um styrkveitingar og séu duglegir að sækja um eða koma þeim á framfæri.

Stýrihópurinn leggur til að fjárveiting verði fyrir 11 fundum á ári.

Stýrihópurinn leggur til að fjárveiting verði fyrir heilsufarsathugunum starfsmanna Reykhólahrepps og maka þeirra.

Stýrihópurinn leggur til að sveitarfélagið leggi fjármagn í heilsuvikur.

3. Stýrihópur

Stýrihópurinn leggur til að bætt verði við í hópinn fulltrúum fyrir hönd bænda, ungmenna og leikskóla.

Vakin er athygli á því að reyna að jafna kynjahlutfall.

4. Fundadagsetningar haust 2020

Stýrihópurinn leggur til að dagsetningar funda verði eftirfarandi:

24. september,

23. október,

13. nóvember,

27. nóvember.

Í stjórnsýsluhúsinu að Maríutröð kl. 17:00

Fundi slitið kl. 17:55